

## Ársfundur Almenna lífeyrissjóðsins 2016 –Fundargerð

Haldinn á Reykjavík Natura, Reykjavík 7. apríl 2016 kl. 17:15

Oddur Ingimarsson formaður stjórnar Almenna lífeyrissjóðsins setti fundinn kl. 17:20 og gerði tillögu um Ólaf Gústafsson, hæstaréttarlögmann, sem fundarstjóra. Tillagan var samþykkt með lófaklappi.

Fundarstjóri tók til starfa og gerði tillögu um Sigríði Ómarsdóttur, skrifstofustjóra Almenna lífeyrissjóðsins, sem fundarritara. Enginn gerði athugasemd við það og fundarritari tók til starfa.

Fundarstjóri gerði grein fyrir fundarboði. Fundurinn skal skv. 7. gr. samþykkta sjóðsins boðaður með 14 daga fyrirvara. Fundurinn var boðaður með bréfi til sjóðfélaga sem var sent út með yfirlitum þann 8. febrúar sl. Fundurinn var formlega boðaður á heimasíðu sjóðsins þann 18. mars sl. og með auglýsingum í Morgunblaðinu þann 21. mars sl., Fréttablaðinu þann 22. mars sl. og Viðskiptablaðinu þann 23. mars sl.

Samkvæmt ofangreindu er fundurinn löglega boðaður og lýsti fundarstjóri fundinn lög-mætan.

### Dagskrá fundarins var eftirfarandi:

Dagskrá.

1. Skýrsla stjórnar.
2. Ársreikningur 2015 og tryggingafræðileg athugun á fjárhag samtryggingarsjóðs.
3. Kynning á fjárfestingarstefnu Almenna lífeyrissjóðsins.
4. Tillögur um breytingar á samþykktum.
5. Kosning stjórnar.
6. Kosning endurskoðenda eða endurskoðunarfélags.
7. Ákvörðun um laun stjórnar.
8. Önnur mál.

Því næst var gengið til dagskrár fundarins og lagði fundarstjóri til að umræður og fyrirspurnir verði saman um dagskrárlíði 1-3. Fundarstjóri lagði til breytingu á ofangreindri dagskrá sem felst í því að kosning stjórnar fari fram á undan dagskrárlíð nr. 4 tillögur um breytingar á samþykktum. Dagskrártillagan var samþykkt.

#### 1 Skýrsla stjórnar

*Oddur Ingimarsson*, formaður stjórnar

Skýrsla stjórnar er með fjöldituðum ársreikningi og ræða Odds Ingimarsson er fylgiskjal með fundargerðinni.

Oddur tók til máls og fór yfir afkomu sjóðsins á liðnu starfsári. Rekstur sjóðsins gekk vel og ávöxtun sjóðsins var góð. Í árslok námu heildareignir sjóðsins 174 ma.kr. og stækkaði sjóðurinn um 18 ma.kr. eða rúm 11% á árinu. Greidd iðgjöld til sjóðsins voru 10 ma.kr. og sjóðurinn greiddi 4,2 ma.kr. í lífeyri til sjóðfélaga. Raunávöxtun samtryggingarsjóðs var 6,5% en síðustu 5 árin hefur raunávöxtunin verið 6,1% að jafnaði. Raunávöxtun séreignarsjóðs var á bilinu 2,0-5,6% eftir ávöxtunarleiðum. Tryggingafræðileg staða batnaði á árinu og er nú í jafnvægi. Ný lán til sjóðfélaga jukust þriðja árið í röð og nú um 146% milli áranna 2014-2015.

Oddur gerði grein fyrir því að á árinu hafi Almenni fengið nokkrar alþjóðlegar viðurkenningar en fagtímaritið Investment Pension Europe valdi Almenna besta sjóðinn í Evrópu meðal þjóða með færri en milljón íbúa. Fjármálatímaritið World Finance valdi Almenna sem besta lífeyrissjóð á Íslandi annað árið í röð og fagtímaritið European Pensions valdi Almenna þriðja árið í röð í hóp bestu lífeyrissjóða í Evrópu í upplýsingamiðlun til sjóðfélaga.

Þá gerði Oddur grein fyrir því að á árinu 2015 hafi sjóðurinn gert tilraun til að höfða sérstaklega til ungs fólks með sérstakri heimasíðu, [www.ungtfolk.almenni.is](http://www.ungtfolk.almenni.is) og auglýsingum sem birtust í kvíkmyndahúsum. Gera má ráð fyrir að þúsundir hafi séð auglýsinguna.

Á árinu 2015 var opnaður nýr og glæsilegur sjóðfélagavefur sem auðveldar sjóðfélögum að skoða stöðu sína og stýra eigin lífeyrismálum. Á vefnum er hægt að finna allar helstu upplýsingar um lífeyrismál sjóðfélaga. Jafnframt er hægt að framkvæma fjölda aðgerða rafrænt sem ekki hefur verið hægt að gera áður en sjóðurinn tók upp notkun á rafrænum skilríkjum með tilkomu nýja vefsins. Þá gerði Oddur grein fyrir því að vefurinn er tilnefndur til verðlauna fyrir áhugaverðustu nýjungina hjá lífeyrissjóðum í Evrópu árið 2015 af European Pension Awards og verður niðustaðan kynnt í júní.

Í janúar var skrifað undir svonefnt SALEK samkomulag sem byggir á rammasamkomulagi aðila vinnumarkaðarins frá 2015 og bókun um lífeyrisréttindi frá 2011 og er ætlað að tryggja jafnræði í kjaraþróun á grundvelli sameiginlegrar launastefnu og jöfnun lífeyrisréttinda. Hluti af samkomulaginu felur í sér hækkan mótfamlags atvinnurekenda í lífeyrissjóð úr 8% af launum í 11,5%. Í kjarasamningi SA og ASÍ kemur fram að stefnt er að því að einstaklingum verði heimilt að ráðstafa, að hluta eða fullu, 3,5% auknu framlagi í bundinn séreignarsparnað eða sparnað með þrengri skorðum um útborganir og val á vörlslaðila en gilda gagnvart hefðbundnum séreignarsparnaði. Stefnt er að því að útfæra nánar reglur um bundna séreign fyrir lok maí 2016. Almenni lífeyrissjóðurinn mun leggjast gegn öllum hugmyndum um þrengingu á heimild sjóðfélaga til að greiða hluta af lágmarksíðgjaldi í hefðbundinn séreignarsparnað sem er laus við 60 ára aldur.

Þá vék Oddur að breyttum lífslíkum og hækkan lífeyrisaldurs en Félag íslenskra tryggingsastærðfræðinga hefur kynnt tillögu um að breyta forsendum við gerð dánar- og eftirlifendataflna sem eru notaðar í tryggingafræðilegum uppgjörum lífeyrissjóða. Breyttar forsendur gera ráð fyrir lengri líffaldri sem eykur skuldbindingar lífeyrissjóðanna. Tryggingafræðingur Almenna lífeyrissjósins hefur áætlað að við þessar breytingar muni skuldbindingar sjóðsins aukast um 12-14%. Stjórn sjóðsins hefur skoðað mögulegar leiðir fyrir sjóðinn til að bregðast við breyttum forsendum við útreikning á lífslíkum. Sú leið sem helst þykir koma til greina er að fylgja tillögum réttindanefndar LL og hækka viðmiðunaraldur ellilfeyris úr 70 í 73 ár á 24 árum. Gert er ráð fyrir að breyttar lífslíkur taki gildi í ársbyrjun 2017 og að lífeyrissjóðir geri breytingar á samþykktum vegna þeirra á seinni hluta ársins 2016.

Þann 8. júní 2015 tilkynntu stjórnvöld um aðgerðir til afléttингar gjaldeyrishafta sem hafa verið á Íslandi frá því í nóvember 2008. Í júlí í fyrra fengu lífeyrissjóðir svo heimild til að fjárfesta fyrir 10 milljarða árið 2015 en þar af var hlutur Almenna lífeyrissjósins 600 milljónir. Í ársbyrjun 2016 tilkynnti Seðlabankinn að ákvæðið hefði verið að veita lífeyrissjóðum heimild til að fjárfesta fyrir 20 ma.kr. á fyristu fjórum mánuðum ársins 2016 og líklegt væri að sjóðirnir myndu fá frekari heimildir á árinu.

Oddur gerði grein fyrir því að stjórn sjóðsins fundaði að jafnaði einu sinni í mánuði en frá síðasta ársfundi hefur stjórnin fundað 13 sinnum. Oddur gerði grein fyrir því að stjórnin hefði fengið fyrirtækjaráðgjöf PwC til að framkvæma úttekt á stjórnarháttum stjórnar fyrir árið 2014. Úttektin felst í því að skoða stjórnarhætti sem settir hafa verið fram um bestu framkvæmd stjórnarstarfa sem PwC Global gaf út í „Board Effectiveness 2012“ ásamt því að horfa til Leiðbeininga um stjórnarhætti fyrirtækja til að samræmast íslenskum venjum.

Eitt af þeim málum sem stjórnin ræddi á starfsárinu var hvort leyfa ætti rafræna kosningu á aðalfundi en ákveðið var að leggja ekki fram tillögu um slíkt að sinni.

Oddur þakkaði sjóðfélögum fyrir samskipti og samstarfið á liðnu ári. Að lokum þakkaði hann framkvæmdastjóra og starfsmönnum sjóðsins fyrir ánægjulegt samstarf á liðnu starfsári en kjörtímabili hans lýkur í ár og gefur hann ekki kost á sér til endurkjörs.

- 2 Ársreikningur 2015 og tryggingafræðileg athugun á fjárhag samtryggingarsjóðs  
*Gunnar Baldvinsson*, framkvæmdastjóri gerði grein fyrir ársreikningi sjóðsins og tryggingafræðilegri athugun á fjárhag samtryggingarsjóðs.

Ársskýrsluna og kynningu Gunnars má í heild sinni finna á vefnum [www.almenni.is](http://www.almenni.is).

Gunnar gerði grein fyrir því að ársreikningur ársins 2015 væri gerður samkvæmt nýjum uppgjörsreglum sem taka gildi á árinu. Helstu breytingar eru:

- Markaðsverð er nú meginreglan við eignamat.
- Breytt flokkun eigna í efnahagsreikningi og breytt flokkun tekna af þeim í rekstrarreikning.
- Yfirlit um tryggingafræðilega stöðu er nú sérstakt yfirlit.
- Meiri upplýsingar í skýringum en áður.

Helstu tölur ársreiknings eru eftirfarandi:

- Sjóðurinn stækkaði samtals um 17,7 ma.kr. á árinu eða um 11%, úr 156,5 ma.kr. í 174,2 ma.kr. í lok síðasta árs.
- Séreignarsjóður stækkaði um 10% úr 82,8 ma.kr. í 91,3 ma.kr. í lok árs 2015. Samtryggingarsjóður stækkaði úr 73,7 ma.kr. í 82,9 ma.kr. í lok árs 2015 eða um 12%.
- Heildariðgjöld jukust um 18%, þar af jukust lágmarksíðgjöld um 14% og viðbótariðgjöld um 25%. Aukning á viðbótariðgjöldum skýrist m.a. af heimild sjóðfélaga til að greiða séreign inn á lán.
- Lífeyrisgreiðslur úr samtryggingarsjóði námu 1,4 ma.kr. og jukust um 168 m.kr. á milli ára eða 14%. Örorkulífeyrir jókst um 16% og ellilífeyrir jókst um 15%.
- Útgreiðslur úr séreignarsjóði námu 2,8 ma.kr. og lækkuð um 703 m.kr. milli ára eða 20%. Helstu ástæður lækkunar á útgreiðslum milli ára má rekja til þess að tímabundin heimild til að fá fyrirfram greiddan lífeyri féll úr gildi í árslok 2014. Á móti hækka greiðslur vegna ráðstöfunar viðbótarlífeyrissparnaðar inn á lán.
- Farið var yfir þróun lífeyris og útborgana á árunum 2006-2015.
- Rekstrarkostnaður nam 473 m.kr. og var í takt við áætlun.

Gunnar vék í umfjöllun sinni að tryggingafræðilegri úttekt sem unnin er af Talnakönnun hf. af Vigfúsi Ásgeirssyni og fór yfir forsendur sem liggja að baki úttektinni.

Samkvæmt lögum um starfsemi lífeyrissjóða, þurfa lífeyrissjóðir að breyta réttindum ef heildarstaða er +/-10% af skuldbindingum eða heildar staða hefur verið á bilinu +/- 5% til 10% í lengri tíma en fimm ár. Til viðbótar við ofangreind skilyrði í lögum hefur stjórn Almenna lífeyrissjóðsins skilgreint eftifarandi stefnu fyrir samtryggingarsjóðinn: Sjóðurinn stefnir á, að tryggingafræðileg staða sé í jafnvægi. Með því er átt við að áunnin staða, mismunur á eignum og ánumnum skuldbindingum, sé innan við +/-5% af skuldbindingum og að framtíðarstaða, sem er mismunur á núvirði framtíðariðgjalda og skuldbindinga vegna þeirra, sé innan við +/- 5% af skuldbindingum.

Niðurstaða úttektarinnar er að eignir eru 839,1 m.kr. hærri en áfallnar skuldbindingar eða 1,1%, að verðmæti framtíðarskuldbindinga er -0,8% meira en núvirði framtíðariðgjalda. Heildarstaða er jákvæð um 403,2 m.kr. eða 0,3% og er sjóðurinn því í jafnvægi. Gunnar gerði grein fyrir helstu niðurstöðum álagsprófs sem sýnir áhrif breyttra forsendna á tryggingafræðilega stöðu sjóðsins.

Gunnar vék þá í umfjöllun sinni að áhrifum breytrra lífslíkna en meðalævin hefur verið að lengjast sem eykur skuldbindingar sjóðsins. Félag íslenskra tryggingarfræðinga leggur til að lífslíkur muni í framtíðinni taka mið af spá frekar en þróun í fortíð. Stjórn sjóðsins hefur skoðað mögulegar leiðir til að bregðast við þessum breytingum. Sú leið sem helst hefur verið til skoðunar er að færa lífeyristökualdurinn til 73 í stað 70 ára á 24 árum.

Að lokum þakkaði Gunnar stjórn félagsins fyrir samstarfið á árinu og þá sérstaklega fráfarandi stjórnarformanni, Oddi Ingimarssyni. Gunnar þakkaði einnig starfsfólk sjóðsins fyrir vel unnin störf á árinu.

### 3 Kynning á fjárfestingarstefnu sjóðsins

*Kristjana Sigurðardóttir*, fjárfestingarstjóri.

Kristjana Sigurðardóttir, fjárfestingarstjóri, tók til máls og fór yfir fjárfestingastefnu sjóðsins. Stefna fyrir árið 2016 var samþykkt undir lok árs 2015. Óverulegar breytingar voru gerðar frá fjárfestingastefnu ársins 2015 en helstu breytingar eru að vægi einstakra flokka skuldabréfa hefur verið breytt, hlutfall skuldabréfa fyrirtækja og fjármálastofnana/sértryggðra skuldabréfa hefur verið aukið en á móti lækkar m.a. hlutfall veðskuldabréfa.

Sjóðfélagar geta valið um sex ávöxtunarleiðir í séreignarsjóði Almenna lífeyrissjóðsins. Hægt er að velja söfn sem fjárfesta bæði í skuldabréfum og hlutabréfum. Einnig er hægt að velja innlend ríkisskuldabréf og innlend bankainnlán. Kristjana fór yfir fjárfestingastefnu í hverri ávöxtunarleið í séreignarsjóði og samtryggingarsjóði og hver eignastaðan er samanborið við fjárfestingastefnu.

Kristjana vék þá umfjöllun sinni að ávöxtun ársins en eins og áður hefur komið fram í umfjöllun Gunnars og Odds þá er gott ár að baki. Ávöxtunarleiðir Almenna lífeyrissjóðsins hækkuðu um 4% - 8,6% að nafnvirði á árinu 2015 en raunávöxtun var á bilin 2% - 6,5%.

Kristjana fór yfir ávöxtun eignaflokka árið 2015 en innlend hlutabréf gáfu hæsta ávöxtun eða 42,3%. Farið var yfir greiningu innlendra skuldabréfa sjóðsins en 50% af eigninni er í ríkisskuldabréfum. Farið var yfir þróun lánveitinga hjá sjóðnum frá janúar 2015 til febrúar 2016 en veruleg aukning varð á síðari hluta ársins 2015. Flestir velja að taka verðtryggð lán með föstum vöxtum. Farið var yfir þróun lánveitinga á tímabilinu 2006-

2015 og þrátt fyrir aukningu á síðasta ári eru lánveitingar ennþá mun lægri en á árunum 2007 og 2008.

Þá fór Kristjana yfir atvinnuvegaskiptingu á innlendu hlutabréfaeign sjóðsins en sjóðurinn á samtals í 42 félögum. Jafnframt var farið yfir skiptingu á erlenda safni sjóðsins og þróun á mörkuðum frá áramótum.

Fundarstjóri þakkaði Kristjönu fyrir yfirferðina og bauð upp á umræður og fyrirspurnir.

Eiríkur Benjamínsson tók til orðs og spurðist fyrir um það af hverju réttindatöflum væri ekki breytt til að bregðast við breyttum lífslíkum frekar en að hækka lífeyristökualdur?

Gunnar svaraði að réttindatöflum yrði breytt ásamt því að hækka lífeyristökualdur.

Ingvar Baldursson tók til mál og beindi eftirfarandi spurningum til framkvæmdastjóra:

- Á Almenni lífeyrissjóðurinn í sjóðum sem eiga eignir í skattaskjólum eða eignir í skattaskjólum?
- Hvert er viðhorf framkvæmdastjóra til slíkra fjárfestinga?
- Á lífeyrissjóðurinn eignir í Fáfni Offshore eða í fyrirtækinu Eikon?
- Hver eru viðhorf forsvarsmanna sjóðsins til aðgerða HS-Vitna en félagið keypti hlutafé af eigendum sínum fyrr á árinu og lækkaði þannig hlutafé félagsins?

Ingvar beindi jafnframt eftirfarandi spurningu til stjórnarformanns vegna rafrænna kosninga.

- Hvaða atriði mæla gegn því að boðað sé til rafrænna kosninga?

Jóahann Heiðar Jóhannsson tók til mál og beindi eftirfarandi spurningu til forsvarsmanna sjóðsins.

- Með hliðsjón af hækkandi lífeyristökualdri er þá ekki brennandi þörf á því að vinnualdur fylgi í kjölfarið og hækki í 70-72 ár?

Gunnar tók til mál og svaraði eftirfarandi fyrirspurnum.

- Hvað varðar skattaskjól þá greiða lífeyrissjóðir enga skatta en iðgjöld eru greidd óskattlögg inn í sjóðina og sjóðfélagar greiða skatta við útgreiðslu. Sjóðirnir hafa ekki ástæðu til að leita í skattaskjól.
- Lífeyrissjóðir hafa heimild til að fjárfesta í sjóðum innan OECD-ríka en ef fjárfest er utan OECD þarf samþykki Fjármálaeftirlitsins. Lífeyrissjóðir verða að gæta þess að fjárfesta á svæðum þar sem tvísköttunarsamingar við Ísland eru í gildi þar sem lífeyrissjóðum ber ekki að greiða skatt af fjárfestingum.
- Lífeyrissjóðurinn á eign í tveimur framtaksjóðum sem eiga í Fáfni, þ.e. sjóðirnir Akur og Horn II en þeir eru reknir af Íslandssjóðum og Landsbréfum. Vægi Fáfnis af eignum Almenna er óverulegt og innan við 0,1%.
- Lífeyrissjóðurinn hefur ekki sterkar skoðanir hvað varðar uppkaup HS-Vitna á eigin hlutabréfum svo framarlega sem fjármögnun sé með eðlilegum hætti. Lækkun hlutafjársins var gerð að kröfu sveitarfélaga sem eiga í félaginu og var m.a. gerð til að lækka fjármagnstekjkustatt.
- Gunnar telur að eðlilegt að menn horfi til þess að meðalævin er að lengjast og að menn nýti tímann til að vinna lengur. Fyrir lífeyrissjóðinn skiptir ekki máli hvenær sjóðfélagar láta af störfum en fyrir þjóðfélagið í heild skiptir það máli að einstaklingarnir vinni lengur.

Oddur tók til mál og svaraði fyrirspurn varðandi rafrænar kosningar.

Ástæður fyrir því að ekki var lögð til breyting á fyrirkomulagi kosninga að þessu sinni var m.a. að stjórnarmenn töldu að slíkt gæti haft áhrif á mætingu á ársfundi en þátttaka í ársfundi væri góð leið fyrir frambjóðendur til að kynna sig. Oddur útlokaði ekki að tillaga um rafrænar kosningar til stjórnar yrði lögð til í framtíðinni.

Eiríkur Benjamínson tók til máls en hann taldi að frambjóðendur ættu að mæta á ársfund og kynna sig áður en kosning færí fram.

Gunnar tók til máls og gerði grein fyrir því að sjóðurinn ætti ekki eign í Eikon.

Ingvar tók til máls og benti á að með breyttri upplýsingatækni gætu frambjóðendur kynnt sig án þess að mæta á ársfundi. Hann benti á að í dag væru breyttir tímar og ekki hefðu allir sjóðfélagar tök á því að mæta á sjóðfélagafundi. Hann taldi ástæðu til að opna þessa umræðu og að prófa ætti rafræna kosningu hjá lífeyrissjóðnum.

Að þessu loknu var ársreikningurinn tekinn til afgreiðslu og hann samþykktur samhljóða.

Næst var dagskrárlíðu 5 tekinn til afgreiðslu, þ.e. kosning aðalmanna til stjórnar.

## 5 Kosning stjórnar

Á ársfundinum skal kjósa two aðalmenn og einn varamann í stjórn til þriggja ára.

Á fundinum lýkur kjörtímabili eftirtalinna stjórnarmanna:

### **Aðalmenn:**

Oddur Ingimarsson

Ragnar Torfi Geirsson

### **Varamenn:**

Anna Karen Hauksdóttir

Frestur til að skila inn framboðum til aðalstjórnar fyrir ársfund rann út þann 10. mars sl.

### **Eftirtaldir gáfu kost á sér í aðalstjórn:**

*Davíð Ólafur Ingimarsson*, fjármálastjóri Greenqloud.

*Ragnar Torfi Geirsson*, deildarstjóri hjá Íslandsbanka.

*Sigurjón H. Ingólfsson*, verkefnastjóri hjá Kviku banka.

Fundarstjóri bauð frambjóðendum að koma í ræðupúlt til að kynna sig. Að kynningum loknum var gengið til kosninga.

Á meðan atkvæði voru talin var haldið áfram með aðra dagskrárlíði.

## 4 Tillaga um breytingar á samþykktum

*Sigríður Ómarsdóttir*, skrifstofustjóri.

Sigríður Ómarsdóttir, skrifstofustjóri, gerði grein fyrir tillögum að breytingum á samþykktum.

### **Grein 4.1**

Sjóðfélagar geta greitt bæði lágmarksmerkiðgjald og viðbótariðgjald í Almenna lífeyrissjóðinn. Lágmarksmerkiðgjald skal vera það iðgjald sem tilgreint er í 2. gr. laga nr.

129/1997 um skylduttryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða. Af lágmarksíðgjaldi greiðist iðgjald til lágmarkstryggingaverndar samkvæmt lögum í samtryggingarsjóð, sem skilgreint er í töflu 1 í 6. kafla, en eftirstöðvar í séreignarsjóð. Viðbótariðgjald greiðist í séreignarsjóð en sjóðfélagar geta sótt um að greiða viðbótariðgjald í samtryggingarsjóð sbr. grein 21.1. Sjóðfélagar tryggja sér lágmarkstryggingavernd samkvæmt lögum nr. 129/1997 um skyldu tryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða með greiðslu lágmarksíðgjalds í Almenna lífeyrissjóðinn. Lágmarksíðgjald skal vera 12% af heildarfjárhæð greiddra launa og endurgjalds fyrir hvers konar vinnu, starf og þjónustu, samkvæmt skilgreiningu sömu laga. Af lágmarksíðgjaldi greiðast 67% í samtryggingarsjóð. Fjárhæð viðbótariðgjalds í séreignarsjóð er frjáls. Sjóðfélagar skulu sækja um greiðslu viðbótariðgjalds til samtryggingarsjóðs sbr. grein 21.1.

*Lagt er til að tekin verði út hlutfall af launum sem lágmarksíðgjald en í staðinn verði vísað í gildandi lög á hverjum tíma. Einnig er lagt til að iðgjald til lágmarkstryggingaverndar verði í sérstakri réttindatöflu sem stjórn getur breytt samkvæmt tillögu tryggingafræðings, sjá breytingatillögur við grein 24.1. Verði breytingar á tryggingafræðilegum forsendum skal kynna breytingar á réttindatöflum á ársfundi, sjá tillögu um breytingu á grein 24.1*

#### **Grein 5.4**

Stjórn sjóðsins er ákvörðunarbaer þegar meirihluti stjórnarmanna sækir fund.<sup>1</sup> Mikilvæga ákvörðun má þó ekki taka nema allir stjórnarmenn hafi haft tök á því að fjalla um málið sé þess kostur. Einfaldur meirihluti atkvæða ræður úrslitum á stjórnarfundum. Atkvæði formanns ræður falli atkvæði að jöfnu.

*Rök: Í stjórn sitja sex stjórnarmenn og samkvæmt núverandi grein eru tillögur felldar ef atkvæði stjórnarmanna eru jöfn. Lagt er til að atkvæði formanns ráði í þeim tilvikum.*

#### **Grein 6.3**

Stjórnin semur ársreikning fyrir lok marsmánaðar næsta árs eftir reikningsárið. Skal ársreikningur birtur á heimasíðu sjóðsins liggja frammi á skrifstofu sjóðsins til athugunar fyrir sjóðfélaga, en sjóðfélagar geta einnig óskað eftir að fá útprentað eintak á skrifstofu sjóðsins. Ársreikningur skal einnig sendur Fjármálaeftirlitinu.

*Rök: Lagt er til að grein verði uppfærð í takt við venjur og óskir meirihluta sjóðfélaga.*

#### **Grein 8.3**

Ef sjóðfélagi getur ekki mætt á sjóðfélagafund vegna veikinda eða annarra lögmaðra farfalla getur hann gefið öðrum umboð til að fara með atkvæðisrétt sinn. Umboðið þarf að vera skriflegt og vottfest af tveimur vitundarvottum og bundið við tiltekinn fund. Í gegnum umboð og eigin atkvæðisrétt getur hver sjóðsfélagi að hámarki farið með atkvæðisrétt upp á 0,3% af heildareignum lífeyrissjóðsins m.v. 31. desember síðastliðins árs.

*Rök: Lagt er til að texti falli úr ákvæði þar sem sjóður getur ekki kannað af hverju sjóðfélagar forfallast.*

#### **Grein 12.4**

Við andlát sjóðfélaga, fellur inneign hans í séreignarsjóði til erfingja hans og skiptist milli þeirra eftir reglum erfðalaga. Láti sjóðfélagi ekki eftir sig börn eða maka, skal innstæðan renna til dánarbús rétthafa án takmarkana 2. ml. 2. mgr. 8. gr. laga 129/1997. Maki samkvæmt þessari grein telst sá sem var í hjúskap með sjóðfélaga við andlát, sbr. reglur

erfðalaga 8/1962. Aldur erflingja stýrir því í hvaða safn erfðaséreign er flutt við skiptingu. Sereignin flyst síðan á milli safna í samræmi við ákvæði um Ævileiðina, grein 11.2. Sjóðfélagar geta einnig valið aðra ávöxtunarleið með aðild að sjóðnum sbr. grein 11.3.

Rök: Lagfæring á orðalagi, engin efnisleg breyting.

#### Grein 16.4

Iðgjöld samtryggingarsjóðs skulu ávöxtuð í sérstöku verðbréfasafni fyrir samtryggingarsjóðinn. Stjórn Almenna lífeyrissjóðsins skal móta fjárfestingarstefnu og ávaxta fé samtryggingarsjóðsins með hliðsjón af þeim kjörum sem best eru boðin á hverjum tíma með tilliti til ávöxtunar og áhættu. Stjórnin skal ávaxta fé sjóðsins með tilliti til heimilda í VII. kafla laga um skyldu tryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða nr. 129/1997 með síðari breytingum samanber grein 9.1.

Rök: Grein er einfölduð og vísað í grein 9.1. sem gildir fyrir bæði séreignar- og samtryggingarsjóð. Engin efnisleg breyting.

#### Grein 19.5

Örorkulífeyrir er greiddur ef trúnaðarlæknir sjóðsins eða tryggingayfirlæknir metur læknisfræðilega örorku að minnsta kosti 50% (örorkuprósent) og sjóðfélagi hafi orðið fyrir skerðingu launatekna sbr. grein 19.6.

Rök: Allar umsóknir um örorkullífeyrir eru sendar til trúnaðarlæknis sjóðsins, embætti tryggingayfirlæknis kemur ekkert að úrskurði lífeyris hjá lífeyrissjóðnum.

#### Grein 21.1

Sjóðfélagar geta hækkað iðgjald til samtryggingarsjóðs Almenna lífeyrissjóðsins og bætt við sig eftirfarandi lífeyrisréttindum.

1. Viðbót við lágmarkstryggingavernd.
2. Viðbótarellilífeyri.

Óski sjóðfélagi eftir að greiða viðbótariðgjald til samtryggingarsjóðsins skal gerður skriflegur samningur við sjóðfélagann um hversu hátt hlutfall af iðgjaldsstofni viðbótariðgjaldið skuli vera, gildistíma og ráðstöfun þess sbr. gr. 21.2 og 21.3. Hámarksíðgjald í samtryggingarsjóðinn er 15%. Stjórn sjóðsins er þó heimilt að hafna eða takmarka viðtoku iðgjalds umfram 10% lögþundið lágmarksíðgjald í lífeyrissjóð samkvæmt 2. gr. laga nr. 129/1997 ef telja verður að skuldbindingar sjóðsins vegna sjóðfélagsans myndu aukast verulega umfram verðmæti iðgjalda enda skal slík ákvörðun vera rökstudd með skriflegu álíti tryggingafræðings sjóðsins.

Rök: Hlutfall á að vera lágmarksíðgjald í lífeyrissjóð samkvæmt lögum, í dag 12% af launum. Lagt er til að vísað verði í lögini þannig að sjóður þurfi ekki að gera breytingar á samþykktum ef lögum verður breytt.

#### Grein 24.1

Árlega skal stjórn samtryggingarsjóðs fá óháðan tryggingafræðing til þess að reikna fjárhag samtryggingarsjóðsins og semja skýrslu um athugunina í samræmi við ákvæði 39. og 24. gr. laga nr. 129/1997. Sýni uppgjörið hagnað skal honum varið til hækkunar á lífeyrisréttindum sjóðfélaganna eftir tillögum tryggingafræðingsins og samkvæmt heimildum í 39. grein laga um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða nr. 129/1997. Sýni uppgjörið halla ber að lækka lífeyrisréttindin. Sýni tryggingafræðilegt uppgjör að iðgjald til lágmarkstryggingaverndar sem tilgreint er í grein 4.1 nægi ekki til

að veita lágmarkstryggingavernd skv. lögum um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða nr. 129/1997 skal stjórn leggja tillögu um breytingu á lágmarksíðgjaldi og réttindatöflum fyrir ársfund eftir tillögu tryggingafræðings

Leiði tryggingafræðileg athugun í ljós að meiri frávik eru á milli eignarliða og lífeyrisskuldbindinga samtryggingarsjóðsins en kveðið er á um í 2. mgr. 39. gr. laga nr. 129/1997 skal sjóðurinn bregðast við og gera nauðsynlegar breytingar, eins og þar greinir.

Tryggingafræðingur sjóðsins skal gera tillögur til stjórnar samtryggingarsjóðs um nýjar réttindatöflur, þ.m.t. iðgjald til lágmarkstryggingaverndar, að teknu tilliti til framtíðarstöðu sjóðsins samkvæmt tryggingafræðilegri athugun. Hann skal jafnframt gera tillögur til stjórnar um nýjar réttindatöflur begar núvirði iðgjalda, sem renna til lífeyrisréttinda samkvæmt aldursháðri réttindatöflu, verður meira en 5% umfram eða undir núvirði aldursháðra framtíðarréttinda.

Stjórn samtryggingasjóðs er heimil breyting á réttindatöflum samkvæmt tillögu tryggingafræðings, eins og að framan greinir, og skal ákvörðun stjórnar þar að lútandi kynnt á næsta ársfundi sjóðsins.

*Rök: Lagt er til að stjórn geti breytt réttindatöflum sem tryggingafræðingur leggur til að gefnum forsendum. Slíkar breytingar skal kynna á ársfundi. Tillögur um breytingar á réttindatöflum eru ekki lagðar til nema af nauðsyn vegna stöðu sjóðs eða breytinga á forsendum ytra umhverfi. Óeðlilegt er að bera slíkar tillögur upp til samþykktar á sjóðfélagafundum.*

#### **Grein 26.1**

Stjórn er skylt að upplýsa sjóðfélaga um iðgjaldagreiðslur, inneign þeirra í séreignarsjóði, áunnin réttindi þeirra í samtryggingarsjóði og inneign og réttindi miðað við áframhaldandi greiðslur með því að senda yfirlit a.m.k. tvívar á ári. Með yfirlitum um iðgjaldagreiðslur skal fylgja áskorun til sjóðfélaga um að gera án tafar athugasemdir ef sannanlega innheimt iðgjöld hafa ekki borist sjóðnum. Jafnframt skulu fylgja með yfirlitum upplýsingar um breytingar á samþykktum, rekstur, fjárhagsstöðu og eignir Almenna lífeyrissjóðsins. Ef lífeyrissjóðurinn getur tryggt sjóðfélögum aðgang að efangreindum upplýsingum á læstu vefsavæði í gegnum notendanafn og lykilorð má sjóðfélagi afþakka heimsend yfirlit.

- 26.1. Lífeyrissjóðurinn skal samhliða greiðsluyfirliti eigi sjaldnar en einu sinni á ári senda upplýsingar um áunninn og væntanlegan lífeyrisrétt sjóðfélaga, rekstur og fjárhagsstöðu sjóðsins og breytingar á samþykktum.
- 26.2. Lífeyrissjóðurinn skal senda sjóðfélögum yfirlit um iðgjaldagreiðslur eigi sjaldnar en á hálfss árs fresti. Yfirliti þessu skal fylgja áskorun til sjóðfélaga um að gera án tafar athugasemdir ef sannanlega innheimt iðgjöld hafa ekki borist sjóðnum
- 26.3. Lífeyrissjóðnum er heimilt að skila yfirlitum sem um getur í greinum 26.2. og 26.3. með rafrænum hætti til sjóðfélaga óski sjóðfélagi eftir því.

*Rök: Uppfærsla á grein í takt við lagabreytingar á liðnum árum. Engin efnisleg breyting.*

#### **Grein 27.1**

Heimilt er stjórn að flytja réttindi einstakra sjóðfélaga sem þess óska úr samtryggingarsjóði yfir til annars löglegs lífeyrissjóðs þegar að töku lífeyris kemur. Ennfremur er heimilt að endurgreiða iðgjöld til erlendra ríkisborgara þegar þeir flytjast úr landi enda sé síkt ekki óheimilt samkvæmt millirkjasamningi sem Ísland er aðili að.

Flutt réttindi skulu miðast við niðurstöðu síðasta tryggingaruppgjör sjóðins þannig að flutningur réttinda sé gerður á tryggingafræðilega réttum forsendum.

*Rök: Lífeyrissjóðir taka ekki við réttindum frá öðrum sjóðum samkvæmt samkomulagi lífeyrissjóða.*

### Tillaga að nýrri réttindatöflu

#### Tafla 1

#### Iðgjald til lágmarkstryggingaverndar

Iðgjald sem þarf til að standa undir þeirri lágmarkstryggingavernd sem honum bera að veita samkvæmt 4. gr. laga númer 129/1997 fyrir greiðslu lágmarksíðgjalds til lífeyrissjóðs samkvæmt 2. gr. sömu laga.

Iðgjald til lágmarkstryggingaverndar.....8% af iðgjaldsstofni

Lagt er til að ný tafla bætist við samþykktirnar sem tafla 1. Númer annarra taflna hækkar því um einn og núverandi tafla 1 verður tafla 2 o.s.frv.

### Umræður

Jóhann Heiðar Jóhannsson tók til máls og spurðist fyrir um samþykktarbreytingu 4.1., þ.e. hvort það hafi verið rætt að fjölga stjórnamönnum í stað þess að auka vægi atkvæðis stjórnarformanns.

Oddur stók til máls og svaraði að það hafi ekki verið rætt í stjórn en fyrirliggjandi breytingartillaga á greininni væri mun einfaldari í framkvæmd.

Jónatan Ólafsson tók til máls og spurðist fyrir um ákvæði í samþykkt 24.1. en þar kemur fram að stjórn samtryggingarsjóðs skuli láta fara fram tryggingafræðilega úttekt. Jónatan spurðist fyrir um það hvort sér stjórn væri fyrir samtryggingarsjóðinn.

Gunnar tók til máls og svaraði að sama stjórn væri fyrir samtryggingar- og séreignarsjóð.

### Atkvæðagreiðsla

Fundarstjóri lagði til að ein atkvæðagreiðsla væri fyrir allar samþykktarbreytingarnar með handauppréttingu. Fundurinn samþykkti tillöguna. Tillögurnar voru samþykktar samhljóða með öllum greiddum atkvæðum.

Þá var komið að 6. lið á dagskrá sem er kosning endurskoðenda.

#### 6 Kosning endurskoðenda eða endurskoðunarfélags

Tillaga er um að Grant Thornton endurskoðun verði endurskoðendur Almenna lífeyrissjóðsins. Engar aðrar tillögur um endurskoðunarfélag bárust þannig að tillagan skoðast samþykkt.

#### 5 Kosning stjórnar - framhald

Fundarstjóri gerði grein fyrir niðurstöðum kosninga aðalmannna í stjórn sjóðsins en heildaratkvæðamagn í sjóðnum er 167.260.491.182, afhent atkvæði á fundinum voru 2.236.574.340 eða 1,34%.

Niðurstöður voru að Davíð Ólafur Ingimarsson hlaut 44,1% greiddra atkvæða, Sigurjón H. Ingólfsson 29,9% og Ragnar Torfi Geirsson 26%.

Davíð Ólafur sat áður í varastjórn og átti eitt ár eftir af kjörtímabili sínu. Því þarf að kjósa annan varamann í stað Davíðs.

Kosning varamanna. Kjósa skal einn varamann til eins árs í staðinn fyrir Davíð Ólaf Ingimarsson og einn varamann til þriggja ára.

Með hliðsjón af kynjakvótum þurfa frambjóðendur að vera karl og kona.

Ragnar Torfi Geirsson og Anna Karen Hauksdóttir gefa kost á sér í varastjórn, ekki er um frekari framboð að ræða og eru þau því sjálfkjörin. Ragnar Torfi til þriggja ára og Anna Karen til eins árs.

7 Ákvörðun um laun stjórnar

Samkvæmt grein 6.7 í samþykktum er stjórn Almenna lífeyrissjóðsins launuð og ákveður ársfundur stjórnarlaun fyrir liðið starfsár.

Oddur Ingimarsson, formaður stjórnar, kynnti tillögu um stjórnarlaun fyrir árið 2015.

Mánaðarlaun almenns stjórnarmanns hækka úr 103 þúsund krónum í 110 þúsund krónur á mánuði eða um 6,8%. Varaformaður fær ein og hálft mánaðarlaun og stjórnarformaður tvöföld mánaðarlaun.

Stjórnarmenn sem stóðust hæfismat FME á undanförnu starfsári fá 2 auka mánaðarlaun almenns stjórnarmanns.


Laun varamanns fyrir setinn fund hækka úr 65 þúsund krónum í 70 þúsund krónur

Tillagan var samþykkt samhljóða með öllum greiddum atkvæðum.

8 Önnur mál.

Fundarstjóri óskaði eftir heimild fundarins til að fundarritari gangi frá fundargerð í samráði við fundarstjóra.

Fleiri atriði lágu ekki fyrir fundinum og var honum slitið um kl. 19.10.



A handwritten signature in black ink, appearing to read "Ólafur Ingólfsson", followed by a blue ink signature below it, appearing to read "Sigrún Ómarsdóttir".